



Þekkingarnet  
Þingeyinga

# ÁRSSKÝRSLA 2024

## ÁSAMT STARFSÁÆTLUN 2025



mars 2025



mars 2024

Þekkingarnet Þingeyinga  
Hafnarstétt 1-3, 640 Húsavík  
[www.hac.is](http://www.hac.is)

*Forsíðumyndir (frá vinstri):*  
Sigurvegarar Krubbs 24 ásamt verkefnisstjóra Hraðsins 2024  
Saumavélanámskeið í FabLab Húsavík 2024  
Keppendur í Krubbi 2024  
Viðtalsrannsókn í Stúdíói Hraðsins 2024

*Myndataka:* starfsfólk ÞÞ

*Ábyrgð/ritstjórn*  
*Óli Halldórsson*

*Umsjón:*  
Lilja B. Rögnvaldsdóttir

ISSN: 1670-813X

## EFNISYFIRLIT

Frá forstöðumanni	4
Stjórn og starfsfólk	5
Starfssvæði	9
Húsnæði	<u>10</u>
Símenntunarsvið	<u>16</u>
Náms- og starfsráðgjöf	<u>25</u>
Nýsköpunarsvið	<u>27</u>
Háskólanámssvið	<u>32</u>
Rannsóknasvið	<u>36</u>
Starfsemin á Stéttinni	<u>46</u>

## FRÁ FORSTÖÐUMANNI

### Pekkingarnetið - leiðandi afl í héraði

Pekkingarnetið leiðir vinnustaðaklasann Stéttina á Húsavík. Alls störfuðu um 45-50 manns við þekkingartengd störf á Stéttinni á árinu 2024, þ.e. við rannsóknir, fræðslustörf, atvinnuþróun, nýsköpunarstuðning sem og óstaðsett störf af margvíslegu tagi á leiguborðum á vegum stofnana og fyrirtækja. Stéttin hefur nú festst í sessi sem allstór og stöðugur vinnustaður á Húsavík og ljóst að tilkoma þessa vinnustaðaklasa hefur dregið allmörg störf að samfélaginu á Húsavík og fólk og fjölskyldur með.

Pekkingarnetið á einnig þátt í þróun annarra vinnustaðaklasa í héraðinu. Á árinu 2024 hafði Þekkingarnetið umsjón með rekstri Kistunnar, vinnustaðaklasa á Þórshöfn, í samstarfi við sveitarfélagið Langanesbyggð. Kistan hefur með áþekkingum hætti og Stéttin festst í sessi sem mikilvæg stoð í samfélaginu á Þórshöfn og nærsvæði og dregið að sér störf og fólk. Þekkingarsamfélagið í Gíg í Mývatnssveit þróaðist einnig á árinu 2024 en Þekkingarnetið hefur komið að mótun þess vinnustaðaklasa í samstarfi við sveitarfélagið og húseiganda, ríkið, og m.a. haldið þar úti mannaðri starfsstöð til margra ára.

Að leiða saman aðila og mynda klasa og samfélög stofnana, fyrirtækja og einstaklinga til starfa og samstarfs hefur þegar upp er staðið sýnt sig í því að vera eitt það mikilvægasta sem Þekkingarnetið sinnir.

### Nýsköpun og frumkvöðlastuðningur

Starfsemi á nýsköpunarsviði var viðamikil á árinu 2024 og náði hámarki með afar vel heppnuðum viðburðum á vegum Hraðsins-miðstöðvar nýsköpunar. HönnunarÞing (Design Thing) og Krubbur-hugmyndahraðhlaup drógu að sér fjölda einstaklinga, fyrirtækja og stofnana og rótuðu upp hugmyndum og verkefnum af margvíslegu tagi. Fab Lab Húsavík þróaðist áfram á árinu, m.a. með uppfærslu tækjabúnaður, með það í huga að vera ávallt leiðandi í búnaði og þekkingu. Þá var starfsemi Fab Lab eflað með auknu starfsmannahaldi og námskeiðahaldi.

### Rannsóknir

Rannsóknasvið Þekkingarnetsins hefur nærsvæðið og samfélagið sem megináherslu efni í sinni starfsemi og kemur með þeim hætti inn í fjölmörg verkefni. Almenn eru rannsókn- og þróunarverkefni fjármögnuð með innlendum og alþjóðlegum samkeppnissjóðum auk stakra samninga við fyrirtæki og stofnanir um einstök viðfangsefni.



### Háskólaþjónusta

Háskólanámsþjónusta Þekkingarnetsins felst í tvennu í meginatriðum: Annars vegar í því að útvega námsfólki sem búsett er í byggðunum sólarhringsaðgengi að góðri námsaðstöðu. Hins vegar í fjarprófahaldi og annarri nærþjónustu í beinu samstarfi við háskólana. Þessi þjónusta hefur verið stöðug um árabíl og mikil og almenn vitund orðin um þessa innviðþjónustu fyrir íbúa í nærbyggðum á þjónustusvæði Þekkingarnetsins.

### Fullorðinsfræðsla

Þekkingarnetið er símenntunarstöð og rekur starfsemi sína með sambærilegum hætti og aðrar slíkar um allt land. Kjarni símenntunarstarfsins snýr að rekstri þjónustu í framhaldsfræðslu, þ.e. náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimati og framboði vottaðra námsleiða. Þar að auki er íslenskukennsla fyrir útlendinga viðamikill þáttur í þjónustu símenntunarsviðsins auk fjölmargra námskeiða af öðru tagi þar sem reynt er að sinna eftirspurn og þörfum hverju sinni. Á árinu 2024 var mikil aðsókn í lífstíls- og sjálfsefningarnámskeið sem Þekkingarnetið bauð reglulega á árinu með góðri aðsókn.

### Breytingar á stjórn og skipulagi

Gerðar voru breytingar á samþykktum og skipulagi Þekkingarnetsins á árinu 2024, ætlaðar til að efla stofnunina og auka skilvirkni í starfsemi. Fækkað var í stjórn stofnunarinnar og gerðar aðrar breytingar til einföldunar. Almennur rekstur er nú með þeim hætti að öll starfssvið eru rekin undir einum hatti og einni kennitölu (símenntun, rannsóknir, nýsköpun, háskólanámsþjónusta, Fab Lab). Hlutverkum stjórnenda sinna forstöðumaður og staðgengill en starfsemi stakra sviða/teyma leiða verkefnastjórar.

## STJÓRN OG STARFSFÓLK

### Starfsmannahald: Helstu tölur

Á árinu 2024 útheimti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga alls um 14,3 ársverk eins og taflan að neðan greinir frá. Þar af voru 17 launþegar á skrá í launakerfi stofnunarinnar á árinu í samtals 11,3 stöðugildum/ársverkum. Nýr starfsmaður var ráðinn í Fab Lab Húsavík og nokkuð var um tímabundin verkefni við námskeiðakennslu, eða alls 3,0 ársverk.

Starfsmannahald	Áætlun 2024	Niðurstaða 2024	Áætlun 2025
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	12,0	11,3	11,0
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	2,5	3,0	3,0
Stöðugildi vegna þjónustusamninga	0,1	0,1	0
Alls stöðugildi	12,6	14,3	14,0

Stjórn og skipurit	2024	Áætlun 2025
Mannabreytingar í stjórn	Stjórn var óbreytt fram að aðalfundi 2024. Á aðalfundi voru nýjar samþykktir afgreiddar, þar sem stjórnarfólki var fækkað úr 8 í 5, auk tilnefningar varamanna.	Gert ráð fyrir óbreyttri skipan stjórnar fyrir utan að á aðalfundi muni Framhaldsskólinn á Laugum tilnefna stjórnarmann í stað Framhaldsskólans á Húsavík

## Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga á launaskrá í árslok 2024

### Óli Halldórsson

Forstöðumaður  
MA Umhverfisfræði, BA heimspeki,  
Kennari



### Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Staðgengill forstöðumanns  
MS alþjóðamarkaðsfr. MS ferðamálafræði  
Cand.Oecon Viðskiptafræði



### Arnþrúður Dagsdóttir

Verkefnastjóri í Gíg  
MA og BA í myndlist, dipl. kennslufræði  
og opinber stjórnsýsla



### Guðrún Helga Ágústsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi  
MA náms- og starfsráðgj. BA félagsráðgjöf  
Dipl. menntun framhaldsskólakennari




### Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri, afgreiðsla  
Skólaritari frá VÍ




### Heiðrún Óladóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði  
BEEd kennari



### Helena Eydís Ingólfssdóttir

Verkefnastjóri á rannsóknasviði  
MPA í opinb. stjórnsýslu, BEEd kennari



### Hilmar Valur Gunnarsson

Verkefnastjóri á símenntunarsviði  
BA í félagsráðgjöf



### Ingibjörg Benediktsdóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði  
BA í nútímafræðum



### Aðalgeir Bjarnason

Húsumsjón og ræstingar Húsavík




### Stefán Pétur Sólveigarson

Verkefnisstjóri Hraðsins  
BA Vöruhönnun



### Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Verkefnisstjóri Kistunnar  
BS Hjúkrunarfræði



### Ásta Birna Gunnarsdóttir

Ræstingar



### Ásrún Vala Kristjánsdóttir

Ræstingar



## Starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni hluta úr ári 2024:

### Zacaria Soualem

Sumarnemi á Húsavík  
Ferðavenjukönnun og Fab Lab




### Nicola van Kuilenburg

Sumarnemi á Húsavík  
Viðtalsverkefni og sýning



## Skipurit

Fagsvið Þekkingarnets Þingeyinga eru fjögur og skarast starfssvið starfsmanna að nokkru leyti milli sviða. Unnið er í "teymisvinnu" fyrir hvert svið



## Stjórn

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð 5 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn auk varamanna fyrir hvern og einn stjórnarmann. Samþykktum Þekkingarnetsins var breytt í þessa veru á aðalfundi á árinu 2024, en áður hafði stjórn verið 8 manna og með 3ja manna framkvæmdaráði. Sjá skipulagsskrá hér: <https://hac.is/skipulagsskra>


Stjórn Þekkingarnetsins frá aðalfundi 2024 er skipuð með eftirfarandi hætti:

- Sigurður Þór Guðmundsson, formaður, oddviti Langanesbyggðar
  - varamaður: Jón Höskuldsson, Norðurþingi
- Atli Björgvinsson, varaformaður, fulltrúi nýsköpunarfyrirtækja
  - varamaður: Freyr Friðfinnsson
- Yngvi Ragnar Kristjánsson, fulltrúi samtaka atvinnurekenda
  - varamaður: Aneta Potrykus, Verkalýðsfélagi Þórshafnar
- Valgerður Gunnarsdóttir, Framhaldsskólanum á Húsavík
  - varamaður: Benedikt Barðason, Framhaldsskólanum á Laugum
- Rannveig Björnsdóttir, Háskólanum á Akureyri
  - varamaður: Sæunn Stefánsdóttir, Háskóla Íslands

Stjórn Þekkingarnetsins kom saman til fundar sjö sinnum á árinu 2024.


## STARFSSVÆÐI

Starfssvæði Þekkingarnetsins er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til og með Bakkafirði í austri. Það er stórt að flatarmáli og nær yfir sex sveitarfélög. Svæðið er fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarnar eru umhverfis. Samgöngur eru fremur erfiðar á starfssvæðinu þar sem vegalengdir eru miklar og veður og færð geta verið hamlandi á veturna. Þá eru almennings-samgöngur innan svæðisins takmarkaðar. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs er um 270 km stystu leið. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440 km<sup>2</sup> eða 18% landsins. Rauðir punktar á mynd sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Mývatnssveit og Þórshöfn) og gulu punktarnir aðra þjónustustaði (Kiðagil, Laugar, Kópasker og Raufarhöfn).



Starfsstöðvar og þjónustustaðir Þekkingarnetsins

Þekkingarnetið er aðili að Símennt sem eru samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Myndin hér að neðan sýnir starfssvæði þeirra ellefu símenntunarmiðstöðva sem eiga aðild að samtökunum. Þekkingarnetið rekur alls sjö þjónustustöðvar á Norðausturlandi (8.1–8.7).



Húsnæði ÞP Staðsetning	Hús	Aðstaða 2024	Markmið 2025
Húsavík	Stéttin, Hafnarstétt 1-3. Hús rannsókna, þekkingar og nýsköpunar. Skólahúsnæði og stakir salir. Frumkvöðlarými, FabLab.	ÞP hefur aðstöðu á Stéttinni í nýju 1.000m2 húsnæði rannsókna, nýsköpunar og þekkingar, sem opnaði árið 2022. Þar hefur ÞP skrifstofuaðstöðu fyrir 10 starfsmenn, 28 aðrar starfsstöðvar fyrir frumkvöðla og störf án staðsetningar, lokaða skrifstofu, námsver, 3 kennslu- og fundarými, frumkvöðlarými og 5 næðisrými. Nýtt og fullbúið 120m2 Fablab er einnig í húsnæðinu. Kennslu og fyrirlestraadstaða er leigð í tímavís eftir þörfum.	Að Stéttin verði eftirsóttur vinnustaður með starfsstöðvum fyrir 50-60 manns á sviði þróunar, rannsókna, fræðslu og stoðkerfis atvinnulífsins undir einu þaki miðsvæðis á Húsavík. Þar verði aðstaða til kennslu, fyrirlestra, fundahalds, og fjarfunda. Einnig verði aðstaða til nýsköpunar og skapandi rýma (FabLab) handa nemendum, frumkvöðlum, fyrirtækjum og öðrum. Á árinu 2025 er stefnt að því að auka hlutfall leigðs rýmis með endurskoðun og smávægilegum breytingum innanhúss.
Þórshöfn	Kistan á Þórshöfn, Fjarðarvegi 5.	Um 200m2 húsnæði með 3 lokuðum skrifstofum, opnu vinnurými fyrir 7 einstaklinga, kennslurými, hljóðveri, 2 næðisrýmum og fundarsal. Á efri hæð hússins er 30 fm rými sem skiptist í svefnherbergi, klósett og næðisrými með sófa en það rými er til leigt út til þeirra sem vilja leigja vinnuaðstöðu með möguleika á gistingu. Árið 2024 voru allar skrifstofurnar í útleigu.	Að Kistan, atvinnu- og nýsköpunarsetur, verði eftirsóttur vinnustaður með 10-15 vinnustöðvar. Að Kistan haldi áfram að þróast sem samfélag stofnana, fyrirtækja og frumkvöðla sem styðja við atvinnuþróun og nýsköpun á svæðinu og skapi vettvang fyrir fjölbreytt störf og aðstöðu fyrir störf án staðsetningar. Að fræðafólk, frumkvöðlar og listafólk víðsvegar um landið nýti sér hugvitsdvöl Kistunnar, vinnuaðstöðu með gistimöguleika. Stefnt er að því á árinu 2025 að eiga samstarf við Langanesbyggð um nýtingu 2. hæðar hússins að Fjarðarvegi 5.
Mývatnssveit, Gígur	Fyrrum Hótel Gígur sem hýsir nú starfsstöðvar Vatnajökuls-þjóðgarðs, Umhverfisstofnunar, RAMÝ ofl.	ÞP var virkur þátttakandi í samfélaginu í Gíg á árinu 2024, þar sem Vatnajökulsþjóðgarður, Umhverfisstofnun, Landgræðslan, RAMÝ, Þingeyjarsveit, Rannsóknarsetur HÍ í Þingeyjarsveit og Hulda náttúruhugvísindasetur hafa einnig aðstöðu. Aðstöðunni í Mikley hefur verið lokað.	Að Þekkingarnetið styðji við áframhaldandi uppbyggingu starfseminnar á Gíg í samvinnu við sveitarfélagið. Þar verði aðstaða fyrir starfsmann auk nemenda sem geta sinnt námi og störfum í suðupotti hugmynda og nýsköpunar í Mývatnssveit. Stefnt er að því að ganga til samninga við Þingeyjarsveit um áframhaldandi nýtingu aðstöðu í Gíg á vegum sveitarfélagsins og í samstarfi við starfsfólk þess.

Húsnæði ÞP Staðsetning	Hús	Aðstaða 2024	Markmið 2025
Laugar	Þingey, gamli Litlulaugaskóli á Laugum	Stefnt var að því á árinu 2024 að endurbótum á grunnskólahúsinu á Laugum yrði lokið sem skapað gæti tækifæri til að bæta úr þjónustu ÞP við íbúa á svæðinu. Síðla árs 2024 var nýuppgert stjórnarsýsluhús tekið í notkun í þessu húsnæði og tók ÞP upp viðræður um aðgengi að vinnuadstöðu fyrir námsfólk í kjölfarið.	Á árinu 2025 var gerður samningur við Þingeyjarsveit sem m.a. kveður á um aðgengi að Þingey, stjórnarsýsluhúsi Þingeyjarsveitar á Laugum. Þekkingarnetið mun nýta í samstarfi við Þingeyjarsveit þessa glæsilegu aðstöðu í þjónustu við námsmenn og námskeið og styðja við þróun og mótun vinnustaðaklasans.
Kópasker	Skólahúsið á Kópaskeri	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Óbreytt húsnæði og aðstaða. Stefnt að auknu samstarfi við verkefni Byggðastofnunar og Norðurþings á svæðinu.
Raufarhöfn	Grunnskólinn á Raufarhöfn, Aðalbraut 23	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	Unnið verði að uppfærslu húsnæðis á Raufarhöfn í samstarfi við Norðurþing og SSNE þar sem áhersla verði lögð á góða og aðlaðandi aðstöðu til þekkingar-/þróunar-/mennta-/fjarvinnustöðvar.

## Stéttin Húsavík

Höfuðstöðvar Þekkingarnetsins eru á Stéttinni á Húsavík. Stofnunin hefur þar aðstöðu í endurbættu atvinnuhúsnæði í eigu Langaness ehf. Um er að ræða tvær byggingar, Hafnarstétt 1 og 3 sem hafa í gegnum tíðina hýst ýmsa starfsemi og verið hluti af iðandi mannlífi og atvinnustarfsemi við höfnina. Svæðið hefur svo þróast í gegnum tíðina með breyttum áherslum í atvinnulífi og árið 2021 voru neðri hæðir húsanna tengdar saman með glerbyggingu, sem nú myndar eina heild.

Á Stéttinni hefur skapast samfélag stofnana, fyrirtækja og einstaklinga sem starfa við nýsköpun, rannsóknir, þróun og þekkingarstarfsemi. Þekkingarnetið og Hraðið (að Fab Lab Húsavík meðtöldu), er þar fyrirferðamest stofnana með um 60% húsnæðisrýmis til umráða. Auk Þekkingarnetsins eru þrjár stofnanir í langtímaleigu á Stéttinni. eru það Náttúrustofa Norðurlands eystra, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík og Samtök Sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Stéttin hefur reynst mikilvæg fyrir samfélagið á Húsavík, þar sem aðstaðan hefur skapað ný tækifæri og sem dæmi má nefna hefur fjöldi heilsársstarfsfólks þar tvöfaldast, úr 25 í 50, á einungis tveimur árum. Inni í þeirri tölu eru þó ekki taldir þeir fjölmörgu nemendur, rannsakendur og frumkvöðlar sem vinna á Stéttinni í tímabundnum verkefnum. Rannsóknastarfið á Stéttinni nær til margra sviða, svo sem fuglavistfræði, sjávarspendýra, lýðfræði og byggðamála.

Stéttin býður upp á fjölbreytta fundaraðstöðu, allt frá litlum fjarfundarýmum til sérhæfðra teymisvinnu- og fundarýma. Formleg opnun húsnæðisins fór fram 9. desember 2022.



Myndir af fjölbreyttri starfsemi á Stéttinni árið 2024

## Kistan - Þórshöfn

Starfsstöð Þekkingarnetsins á Þórshöfn er í Kistunni, nýju og glæsilegu setri atvinnu og nýsköpunar í Langanesbyggð. Staðsetning Kistunnar er í Kistufelli við Fjarðarveg 5, í byggingu sem áður hýsti Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis, síðar Landsbankann. Markmið Kistunnar er að skapa samfélag stofnana, fyrirtækja og frumkvöðla undir einu þaki til að styðja við atvinnuþróun og nýsköpun. Setrið býður upp á fjölbreytta aðstöðu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, s.s. skrifborð í opnu vinnurými, fundaraðstöðu með fjarfundabúnaði og hljóðver með upptökubúnaði. Einnig er í boði svokölluð "Hugvitsdvöl", þar sem einstaklingar geta unnið í skapandi umhverfi með gistingu innifalinni í vinnuaðstöðu.

Í Kistunni eru þrjár skrifstofur, opið vinnurými fyrir sjö einstaklinga, næðisrými, fullbúið hljóðver, tvö fundaherbergi fyrir allt að tólf manns og fullbúin notaleg kaffistofa með nægilegt rými fyrir alla starfsmenn innan Kistunnar.

Þekkingarnetið opnaði fyrst mannaða starfsstöð á Þórshöfn árið 2009 að frumkvæði ÞP sem samstarfsverkefni Þekkingarnetsins, Langanesbyggðar og Framhaldsskólans á Laugum. Frá árinu 2020 hefur það verið rekið af tveimur fyrrtöldu aðilunum. Þekkingarnetið hefur átt afar farsælt samstarf við sveitarfélagið Langanesbyggð um uppbyggingu Kistunnar og starfsemi hennar í nýju húsnæði sem opnaði í maí 2023. Þekkingarnetið hefur aðstöðu í Kistunni til kennslu og prófatöku auk vinnuaðstöðu tveggja starfsmanna og háskólanema.

Á árinu 2024 voru 12 starfsmenn með fasta aðstöðu í Kistunni, frá Þekkingarneti Þingeyinga, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Bifröst, Ísfélagi Vestmannaeyja, Hýsi, Controlant, SSNE (Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi Eystra), Sjóvá og Langanesbyggð. Á svæðinu er stór hópur nemenda í fjarnámi sem nýtir sér aðstöðuna í Kistunni. Á árinu 2024 voru 77 próf tekin í Kistunni frá 11 skólum og stofnunum víðsvegar um landið.



Starfsemi Kistunnar var fjölbreytt árið 2024. Hér má sjá sviðmyndir frá námskeiði í Upptökutækni og hljóðblöndun, tónlistarupptökur í hljóðstúdíóinu og myndir af aðstöðunni.

Fjölbreytt starfsemi hefur verið í Kistunni frá opnun og hefur mikið verið lagt í kynningu á starfseminni í nærsamfélaginu og víðar. Mikið hefur verið um opinberar heimsóknir en einnig hefur Kistan staðið fyrir nokkrum minni viðburðum og sinnt ráðgjafahlutverki, en samfélagslegt gildi hússins er ekki síður mikilvægt. Fjölbreyttir hópar hafa nýtt fundaraðstöðu í Kistunni en einnig hafa óformlegar nefndir nýtt sér aðstöðuna líkt og jólamarkaðsnefnd, þorrablótsnefnd og bryggjudaganefnd.

Hljóðverið hefur verið nýtt í upptökuverkefni í samstarfi við Grunnskólann en einstaklingar hafa einnig nýtt sér hljóðverið í upptökur á frumsömdu efni.

Kistan hefur tekið á móti hugmyndum nýsköpunarverkefna og fundið þeim farveg en stuðningur og samvinna við atvinnulífið og nýsköpun er eitt af stærstu verkefnum Kistunnar.

Á efri hæð Kistunnar er svefnherbergi með tveimur rúmum, lítil snyrting og næðisrými með skjá og sófa. Er þessi aðstaða einkum ætluð fyrir þá sem koma í Hugvitsdvöl, en hún er í boði fyrir fólk sem vill breyta um umhverfi, vinna tímabundið á nýjum og skapandi vinnustað þar sem gisting er innifalin í vinnuaðstöðu.


Á árinu hófust framkvæmdir við skrifstofuhúsnæði í skólahúsinu á Bakkafirði sem er samvinnuverkefni ÞP, Kistunnar og SSNE. Þar verður samvinnurými fyrir 6-8 einstaklinga ásamt fundaherbergi og kaffistofu sem Kistan hefur umsjón með. Í lok árs hófst undirbúningur við endurnýjun á bílskúr Kistunnar þar sem til stendur að taka í notkun fjölnota rými sem mun nýtast í ýmis konar starfsemi og námskeiðishald



*Hugvitsdvalarrými Kistunnar.*



*Eldhús og kaffistofa*



*Stúdíó*

## Gígur - Mývatnssveit

Í ársbyrjun 2023 flutti Þekkingarnetið starfstöð sína í Gíg við Skútustaði. Áður var stofnunin með aðstöðu í þekkingarsetrinu Mikley að Hlíðarvegi 6 í Reykjahlíð, en því hefur nú verið lokað. Í Gíg er rekin sameiginleg gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfisstofnunar. Þar eru einnig starfstöðvar Ramý - Náttúrurannsóknamiðstöðvar við Mývatn og Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit. Í dag leigir Land og skógur einnig aðstöðu í húsinu, sveitarfélagið Þingeyjarsveit og HULDA – Náttúruhugvísindasetur. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í húsinu og standa framkvæmdir enn yfir þó hlutar þess séu tilbúnir s.s. skrifstofuaðstaðan. Húsið var reist árið 1959 og hýsti Skútustaðaskóla til ársins 1996. Þá var rekið hótél í húsinu, Hótel Gígur til ársins 2020.

Húsið skiptist upp í gestastofu, austurálm, vesturálm neðri hæð, vesturálm efri hæð og geymslu. Í Gíg eru tvö skrifstofurými og samtals 18 skrifborð, en rými er fyrir fjögur í viðbót, samtals 22 skrifborð. Þá er glæsileg kaffistofa, tvö minni næðis/fundarými, setustofa og stórt fundarými. Í Gíg er unnið eftir grænum skrefum og fráveita er í lokuðu kerfi til verndar lífríkis vatnsins.

## Laugar, Raufarhöfn og Kópasker

Eins og undanfarin ár býður Þekkingarnetið þjónustu á Raufarhöfn, Kópaskeri og Laugum í Reykjadal. Á þessum starfsstöðvum hefur ekki verið um fast starfsfólk að ræða heldur er þjónusta veitt eftir þörfum, t.d. fyrir háskólanema, til fjarprófa og námskeiðahalds.

Síðari hluta árs 2023 hófst samstarf milli ÞÞ og Þingeyjarsveitar um kortlagningu möguleika á atvinnu og þróunarsetri í Seiglu á Laugum. Verkefnið var styrkt af C1 og meginmarkmið þess er að móta farveg og grundvöll þekkingarseturs með það í huga annars vegar að styrkja samfélag og byggð og hins vegar að vera vettvangur fyrir aðila þekkingarsetursins til að efla starf sitt og starfsumhverfi. Niðurstöður verkefnisins voru kynntar á vormánuðum 2024. Húsið var opnað formlega í lok nóvember 2024 og þá var nýtt nafn fyrir húsið kynnt, Þingey.



## SÍMENNTUNARSVIÐ

### Símenntun: Helstu tölur

Markmið símenntunarsviðs	Áætlun 2024	Niðurstaða 2024	Áætlun 2025
Fjöldi almennra námskeiða á svæði ÞÞ	75	98	80
Fjöldi námsleiða (námsleiðir FA)	10	15	6
Fjöldi kenndra stunda	2.000	1.916	2.000
Fjöldi kenndra nemendastunda	20.000	20.069	20.000
Þátttakendur	1.000	917	1.000

### Áherslur í námi


Áherslur ársins 2024 voru svipaðar og síðustu ár. Lögð var áhersla á að kenna námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar (FA) innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma. Á árinu hófum við kennslu í tveimur stórum námsleiðum sem hafa ekki verið kenndar áður hjá Þekkingarneti Þingeyinga. Félagsliðagátt, sem er ný 6 anna námskrá, þar sem nemendur ljúka fjórum önnum hjá Þekkingarneti Þingeyinga og síðustu tveimur í framhaldsskóla. Einnig fórum við af stað með námsleiðina Nám í stóriðju – grunnnám, fyrir starfsfólk PCC Bakka, sem er þriggja anna nám. Að auki kenndum við eina styttri námsleið sem hefur ekki verið kennd áður hjá okkur, Hönnunar- og tilraunarsmiðja í Fab Lab, þar sem 10 nemendur lærðu á öll tækin og tólin í Fab Labinu okkar, með það að markmiði að geta kennt á þau í framtíðinni. Styttri námskeið, bæði starfstengd og tómstundatengd fengu sitt pláss sem og námskeið fyrir nemendur með fatlanir í gegnum samning við Fjölmenn og svo íslenskunámskeið fyrir erlenda íbúa.

Önnur námskeið sem haldin voru á vegum Þekkingarnetsins dreifðust um allt starfssvæðið. Þó svo að sum námskeiðin í dreifðari byggðum hafi verið fámenn og ekki borið sig fjárhagslega voru þau samt haldin því eitt af markmiðum Þekkingarnetsins er að halda námsvirkni í dreifðum byggðum þar sem angar menntakerfisins ná síður til. Ýmis fræðsla til fyrirtækja var fyrirferðamikil á árinu, bæði í gegnum fræðsluáætlanir sem unnar hafa verið af starfsfólki Þekkingarnetsins fyrir ákveðin fyrirtæki og eins tilfallandi námskeið. Starfsfólk Norðurþings og HSN var sá hópur sem sótti flest starfstengd námskeið hjá Þekkingarnetinu á síðasta ári.

Eins og undanfarin ár er stuðst við óformlega greiningu á námsþörfum íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins þegar námskeið og námsleiðir eru ákveðnar. Upplýsingar koma úr viðtölum náms- og starfsráðgjafa, samtölum við íbúa og niðurstöðum úr námskeiðsmati. Auk þess eru íbúar alltaf að verða duglegri við að óska eftir námskeiðum eða koma með ábendingar um námskeið sem áhugavert væri að halda á svæðinu. Þróunin undanfarin ár hefur verið á þá leið og örlítið minni áhersla hefur verið sett á tómstundanámskeiðin, þó svo að alltaf sé brugðist við ef upp koma óskir um ákveðin námskeið.

Þekkingarnet Þingeyinga hefur á undanförunum árum sinnt fræðsluþjónustu við fyrirtæki og stofnanir í verkefni sem kallast Fræðslustjóri að láni. Ráðgjafar ÞÞ hafa þá haft samráð við stjórnendur og lagt fræðslugreiningar fyrir starfsmenn til að greina fræðsluþarfir starfsmannanna persónulega sem og fyrirtækisins. Eftir að unnið hefur verið úr fræðslugreiningunum er gerð fræðsluáætlun. Slík verkefni standa að öllu jöfnu yfir í lengri tíma eða allt að fjórum árum frá því greiningin fer fram og þar til síðasta námskeiði fræðsluáætlunar lýkur. Á undanförunum árum hefur starfsfólk Þekkingarnetsins tekið þátt í stóru fræðsluverkefni með Farskólanum á Norðurlandi vestra og SÍMEY þar sem símenntunarmiðstöðvarnar þrjár hafa unnið sem ein heild í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Byrjað var á að greina fræðsluþarfir starfsmanna og í kjölfarið var útbúin þriggja ára fræðsluáætlun. Árið 2024 var níunda árið þar sem kennt var samkvæmt fræðsluáætlun. Þátttaka starfsmanna hefur verið góð og fræðsluáætlunin mikilvægur liður í innleiðingu nýrra starfshátta og verkfæra. Á árinu 2024 stýrði Þekkingarnetið einnig nokkrum öðrum fræðsluþjónustu verkefnum, má þar nefna verkefni fyrir félagsþjónustu Norðurþings, Þingeyjarsveit, Rifós fiskeldi og Samherji fiskeldi í Öxarfirði.

Árið 2024 flokkuðust flest námskeið sem haldin voru hjá stofnuninni undir fyrirtækjafræðslu og tómstundanámskeið. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga voru venju samkvæmt fyrirferðamikil á árinu enda hefur hlutfall íbúa af erlendum uppruna aukist mjög á svæðinu. Hér að neðan má sjá skiptingu námskeiða hjá Þekkingarnetinu árið 2024. Ef skoðaðar eru kenndar stundir og skipting nemendastunda eftir námskeiðum má sjá að lang flestar þeirra falla undir vottaðar námsleiðir FA. Þar næst koma íslenskunámskeið fyrir útlendinga og svo tómstundanámskeið.



LOFTUM er áhersluverkefni innan SSNE, sem styrkt er af Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Þekkingarnet Þingeyinga vinnur að verkefninu í samvinnu við SÍMEY. Markmið LOFTUM er að bjóða upp á fræðslu í loftlags- og umhverfismálum fyrir starfsfólk og kjörna fulltrúa sveitarfélaga sem eiga aðild að SSNE. Í upphafi verkefnisins var gerð fræðslugreining meðal starfsfólks og kjörinna fulltrúa sveitarfélaganna og í kjölfarið var útbúin fræðsluáætlun sem fór í gang á haustönn 2023 þar sem haldin voru þrjú fræðsluerindi, eitt í staðkennslu og tvö í gegnum fjarfund. Fræðsluáætlunin gildir út vorönn 2025. Samhliða þessu hefur mikil vinna farið í að koma á fót rafrænum skóla sem settur var í loftið í upphafi haustannar 2024. Í rafræna skólanum má finna fjölmörg námskeið sem samanstanda af stuttum vídjófyrrlesturum fagfólks í viðeigandi málaflokki.

## Námsleiðir FA

Á árinu 2024 voru eftirfarandi námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins kenndar hjá ÞP:

- Stuðningsfulltrúi/Leikskólaliði - brú - er tveggja ára brúarleidd samkvæmt námsskrá framhaldsskóla kennd hjá símenntunarmiðstöðvum. Námsleiðin hófst á haustönn 2022 og lauk með útskrift 11 nemanda á vorönn 2024. Kennsla fór að mestu fram í fjarnámi á kennsluvefnum Learncove en kennarar hittu nemendur einnig í staðlotum sem fram fóru á Húsavík.
- Félagsmála- og tómstundanám – tveggja ára brúarleidd samkvæmt námskrá framhaldsskóla kennd hjá símenntunarmiðstöðvum. Námsleiðin hófst á haustönn 2022 og lauk með útskrift níu nemanda á vorönn 2024. Kennsla fór að mestu fram í fjarnámi á kennsluvefnum Learncove en kennarar hittu nemendur einnig í staðlotum sem fram fóru á Húsavík.
- Uppleið – Nám byggt á hugrænni atferlismeðferð er 40 klukkustunda nám á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námið er ætlað þeim sem vilja læra að takast á við hamlandi líðan með því að nýta sér aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar (HAM) í daglegu lífi. Tveir hópar fóru í gegnum þessa námsleið hjá Þekkingarnetinu árið 2024, í fyrri hópnum voru sjö konur og einn karl en í seinni hópnum voru átta konur og tveir karlar. Kennsla fór fram í staðnámi.
- Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk – 48 klukkustunda nám á 1. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í 13 námsþætti. Námið er ætlað þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, það er í flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðaverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum og að borði neytandans ásamt því að styrkja faglega hæfni námsmanna. Kennsla fór fram í fjarnámi í gegnum kennsluvefinn Learncove. Þrjú hópar sátu þetta nám hjá Þekkingarneti Þingeyinga árið 2024, alls 11 konur og 22 karlar.
- Líf og heilsa – lífsstílsþjálfun – 60 klukkustunda nám á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námið er ætlað fólki sem vill taka ábyrgð á eigin heilsu og bæta hana. Alls voru þrjú hópar sem sátu þetta nám á árinu og í þeim voru 25 konur og tveir karlar.

- Hönnunar- og tilraunasmiðja í Fab Lab – 80 klukkustunda nám þar sem markmiðið er að veita innblástur til nýsköpunar og kenna hvernig fara má frá hugmynd til fullbúinnar vöru með stafrænni framleiðslutækni, hvort sem það er frumgerð, listaverk eða önnur hönnun. Áhersla lögð á að námsmenn öðlist innsýn í stafræna framleiðslutækni og auku áhuga sinn á hönnun, nýsköpun og miðlun. Fjórar konur og 6 karlar kláruðu námið á haustönn 2024.
- Nám í stóriðju – grunnnám – 300 klukkustunda nám á 1. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námið er ætlað þeim sem sinna starfi í stóriðju þar sem bræðsluofnar og rafgreiningarkerfi eru burðarásar í framleiðslunni. 15 nemendur hófu nám á haustönn 2024, þrjár konur og 12 karlar.
- Félagsliðagátt – 660 klukkustunda nám á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Markmið námsins er að auka þekkingu, færni og fagkunnáttu þeirra sem sinna einstaklingum sem þurfa aðstoð eða sérhæfða þjónustu við athafnir daglegs lífs. 10 konur hófu nám í Félagsliðagáttinni á haustönn 2024.
- Sterkari starfskrafur – 120 klukkustunda nám á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Tilgangur námsins er að efla þekkingu og auka hæfni þeirra sem starfa eða hafa hug á að starfa við almenn skrifstofustörf. Markmiðið er að auka þekkingu og leikni þátttakanda til að takast á við örur breytingar í atvinnulífinu samfara fjórðu iðnbyltingunni og auka færni sína í upplýsingatækni. Átta konur og tveir karlar luku þessari námsleið á haustönn 2024.
- Fyrir utan þessar námsleiðir sem taldar eru upp hér að ofan tók Þekkingarnet Þingeyinga þátt í tilraunaverkefni á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og kenndi námskránnu Færni á vinnumarkaði. Þessi námskrá snýst um að auka náms- og starfstækifæri fyrir fólk með fatlanir. Verkefnið var unnið í samstarfi við Fjölmennt, Vinnumálastofnum og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Markmið námsins var að efla færni nemanna til atvinnuþátttöku. Námið samanstóð af fjölbreyttri og skemmtilegri færniþjálfun fyrir fatlað fólk í atvinnuleit sem er að stíga inn á vinnumarkaðinn. Námskráin samanstóð af 70 klukkustunda bóklegu námi og 110 klukkustunda starfsþjálfun á vinnustað. Í boði var starfstengt nám í eftirfarandi störfum:
  - Starf við endurvinnslu
  - Starf á lager
  - Starf við umönnun
  - Starf í leikskóla
  - Starf við þrif og þjónustu
  - Starf í verslun

Alls hófu fimm nemendur nám hjá Þekkingarneti Þingeyinga í september og þrjú af þeim útskrifuðust þann 3. desember. Þau þrjú sem útskrifuðust sinntu náminu með eindæmum vel, mæting og virkni var til fyrirmyndar og með því að uppfylla öll hæfniviðmið í náminu útskrifuðust þau með Fagbréf atvinnulífsins.



Útskrift í Færni á vinnumarkaði 3. desember

## Önnur verkefni

Símenntunarsviðið sækir á hverju ári verkefnafjármagn til ýmissa sjóða. Árið 2024 hlaut stofnunnin styrki úr Fræðslusjóði til eftirfarandi nýsköpunar- og þróunarverkefna:

- **Farsæld fyrir efri árin:** Markmið verkefnisins er að útbúa námskrá um farsæld að lokinni starfsævi fyrir einstaklinga á aldrinum 55-65 ára og prufukenna námskráanna. Tilgangurinn er að undirbúa fólk fyrir farsæl starfslok, draga úr einmannaleika á efri árum og stuðla að inngildingu og þátttöku í samfélaginu að lokinni starfsævi. Í byrjun haustannar hófst vinna við verkefnið. Farið var ítarlega yfir skipulag og grunngagna vegna vinnu við verkefnið aflað. Að lokinni gagnaöflun var hafist handa við greiningu
- **Farkennarinn – íslenska á vinnustað:** Markmið verkefnisins er að þróa nýjar og aðlagðar aðferðir til íslenskukennslu með nánú samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Íslenskukennslan er færð út fyrir hefðbundnar kennslustofur og fer fram á vinnustaðnum sjálfum, á vinnutíma starfsmanna. Lögð er áhersla á í kennslunni að taka mið af þörfum hvers vinnustaðar og starfsumhverfis. Áður en kennsla hófst var gerð ítarleg greining á þörfum þátttökustaða með aðstoð yfirmanna á hverjum stað. Verkefnið spannar fjölbreyttar starfsstöðvar hjá Norðurþingi. Greiningin lagði mat á hvaða orðaforða og tungumálakunnátta væri nauðsynleg í hverju starfi fyrir sig, ásamt því að kortleggja áherslur í þjálfun sem tengjast vinnustaðnum og faginu. Kennt var tvisvar í viku á vinnutíma og tóku yfirmenn vel í að hliðra til svo hægt væri að veita nemendum svigrúm til að mæta í kennsluna. Alls tóku 19 starfsmenn frá mismunandi vinnustöðum þátt í verkefninu, þar á meðal Leikskólanum Grænuvöllum, Sundlauginni á Húsavík, Frístund, Pálsгарði, Vík, Miðjunni og Stjórnýsluhúsinu. Verkefnið er dæmi um vel heppnað verkefni sem leitar leiða til að mæta þörfum vinnumarkaðarins og þátttakenda með markvissri og hagnýtri íslenskukennslu.



Útskriftarhópar í Leikskólanum Grænuvöllum og Borginni.

- Leiðbeinendur í Fab Lab, námskrá: Skrifuð verður námskrá fyrir leiðbeinendur í Fab Lab í samvinnu við Fab Lab Húsavík og Hraðið-miðstöð nýsköpunar. Áhersla er á að þjálfa ungt fólk (20-35 ára) til að leiðbeina og nýta þannig fyrirliggjandi tæknifærni. Námskráin sem skrifuð verður miðast við markhóp framhaldsfræðslunnar. Námskráin verður að lokum prufukeyrð á einum nemendahópi. Helsta kveikjan að þessu verkefni er sú staðreynd að Þekkingarnet Þingeyinga og Fab Lab Húsavík hafa staðið fyrir fjölda námskeiða tengdu Fab Labi og nýsköpun. Það hefur er þó orðið erfitt að mæta eftirspurn því illa hefur gengið að fá fleiri leiðbeinendur sem hafa þekkingu til að kenna á nýjustu tækni. Hingað til hafa einungis verið kennd stutt námskeið og vilji fólk sækja sér frekari þekkingu þarf að leita annað. Þessu gati viljum við loka með því að framleiða fleiri hæfa leiðbeinendur með þessari námskrá okkar. Vinna við námskrárskrif hófust seint á haustönn 2024 og henni mun ljúka á vorönn 2025.

Jafnframt hlaut stofnunin eftirfarndi styrki til verkefna úr Uppbyggingarsjóði:

- Menningarmiðlun: Markmið verkefnisins var að skapa grundvöll fyrir erlenda íbúa á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga til að kynna sína menningu og hefðir og um leið aðstoða þá við að kynnast innbyrðis og aðlagast betur því samfélagi sem þeir hafa kosið sér að búa í. Einnig að búa til vettvang fyrir innlenda íbúa starfssvæðisins til að kynnast þeim ólíku menningarheimum sem nýir íbúar svæðisins tilheyra með því að skipuleggja skemmtilega og áhugaverða viðburði sem lífga upp á menningarlíf þéttbýlisstaða starfssvæðisins þar sem fólk kynnist, spjallar, miðlar og lærir. Haldnir voru þrír viðburðir á vegum verkefnisins á Húsavík, í Mývatnssveit og á Þórshöfn. Í stuttu máli þá tókust þeir allir vonum framár. Mjög góð og áhugaverð erindi og/eða atriði frá alls 20 þátttakendum og mættu allt í allt 112 gestir á viðburðina þrjá.




Myndir frá viðburðum menningarmiðlunar 2024

- Þau skilja sem vilja: Verkefnið er framhald á verkefninu Menningarmiðlun sem fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði árið 2023. Það byggir á þeirri hugmynd að allir Íslendingar geti verið íslenskukennarar með því að hvetja fólk til að taka þátt í að styðja og miðla íslensku sem öðru máli. Í verkefninu er lögð áhersla á menningarmiðlun, þjálfun og hvatningu til þess að tala íslensku við innflytjendur og fólk með annað móðurmál óháð þekkingar- og færnistigi. Verkefnið beinist að því að skapa umhverfi þar sem bæði Íslendingar og fólk af erlendum uppruna finnur sig öruggt í að nota íslensku. Verkefnið verður að mestu unnið á árinu 2025.
- Gluggi út í heim – að heiman og aftur heim: Markmið verkefnisins er að safna sögum erlendra íbúa á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga, um bernsku og uppvaxtarár, persónulega lífsreynslu, fjölskyldusögu, menningarhefðir, atburði í samfélaginu í heimalandi viðmælanda og eftir atvikum merkilega sögulega atburði. Tilgangurinn er að opna glugga út í heim með margmiðlunarsýningu í þeim tilgangi að auka samkennd og virðingu innan fjölmennings samfélagsins og stuðla að gagnkvæmri aðlögun. Tekin voru sex rúmlega klukkutíma löng viðtöl og voru þau svo þýdd á þrjú tungumál, íslensku, ensku og móðurmál viðmælanda. Afrakstur verkefnisins var sýning sem sett var upp í Menningarmiðstöð Þingeyinga þar sem myndir voru útprentaðar ásamt texta og skreytingum sem tengdust heimalandi viðmælanda. Þá fylgdi QR kóði sem gestir nýttu sér til að njóta frásagnanna í eigin snjalltæki. Verkefnisstjóri var Nicola van Kuilenburg, sumarstarfsmaður Þekkingarnetsins. Verkefnið má finna á heimasíðu Þekkingarnetsins: <https://hac.is/en/rannsoknir/gluggi/>



*Fjölmenni var við sýningaropnun Glugga út í heim í Safnahúsinu á Húsavík*



Svípmyndir af fjölbreyttri starfsemi símenntunarsviðs PÞ á árinu

## Þróunarvinna, gæðamál

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum samtök símenntunarstöðva, Símennt, og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarnetið hefur verið virkt í slíku samstarfi á símenntunarsviði.

Á háskólanáms- og rannsóknasviðum ÞÐ er samstarf töluvert við önnur setur og stofnanir á þeim sviðum. Starfsemi stofnana á rannsókn- og háskólanámssviði er þó með nokkuð ólíkum hætti um landið. Þekkingarnetið er aðili að samtökum þekkingarsetra sem er netverk þekkingarsetra á landsbyggðinni. Meðal samningsbundinna verkefna setranna eru rannsóknir og þróun til eflingar byggða, þjónusta við háskólanema, hagnýting og miðlun þekkingar sem efla samvinnu setranna á landsbyggðinni, gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra og efla skilning á mikilvægi starfseminnar. Töluverð og vaxandi samvinna er á milli einstakra þekkingarsetra, og hefur Þekkingarnetið undanfarin ár unnið rannsóknaverkefni með öðrum setrum.

Þekkingarnet Þingeyinga hefur innleitt gæðavottunarkerfi sem ber heitið EQM+, European Quality Mark, eða Evrópska gæðamerkið og er gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. EQM+ byggist á sjálfsmati sem er yfirfarið af EQM+ viðurkenndum úttektaaðila sem kemur einnig með ábendingar um gæðamál og umbætur meðan á úttektaferlinu stendur. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur umsjón með EQM+ gæðakerfinu. Þekkingarnet Þingeyinga hlaut formlega viðurkenningu menntamálaráðherra sem fræðsluaðili fyrst stofnana á Íslandi þann 19. september 2012. Þá hafði stofnunin áður innleitt EQM gæðakerfið með formlegum hætti og fengið gæðavottun á grunni úttektar. Þekkingarnetið hlaut endurnýjaða gæðavottun á grunni uppfærðs gæðakerfis, þ.e. EQM+ árið 2023.




## NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

### Ráðgjöf: Helstu tölur

Fjöldamarkmið í náms- og starfsráðgjöf	Áætlun 2024	Niðurstaða 2024	Áætlun 2025
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala	700	717	700

Boðið hefur verið upp á náms- og starfsráðgjöf hjá Þekkingarneti Þingeyinga frá árinu 2006. Guðrún Helga Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, hefur umsjón með ráðgjöfinni og sinnir henni að mestu leyti. Árið 2024 var fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala 717 þar af voru 114 rafræn viðtöl, samanborið við 77 árið áður. Alls komu 340 í fyrsta viðtal og komu 377 í endurkomuviðtöl. Fjöldi viðtala var því sem næst sá sami og árið áður þegar þau voru 720. Fjöldi viðtala skýrist af aukinni aðsókn sem tekist hefur að fá viðbótarúthlutun úr Fræðslusjóði til að sinna.

Ástæður viðtala voru mismunandi eins og gengur og gerist. Flestir komu að eigin frumkvæði eða 72%, 5,2% komu í færnimöppugerð og 9% í stuðning í matssamtali. Um 14%% viðtala voru af öðrum ástæðum, s.s. eftir kynningu á vinnustað, tilvísun frá Virk endurhæfingasjóði, eftirfylgni vegna raunfærnimats og skimun í raunfærnimat.



Ástæður viðtala 2024

## Kynningar á vinnustöðum

Kynningar á vinnustöðum hafa verið með formlegu sniði þar sem oftast hefur verið haft samband við fyrirtæki með kynningarbréfi þó aðeins hafi dregið úr því síðustu ár og formlegheitin verið minni. Í auknum mæli heimsækjum við vinnustaði, þar sem við tölum við yfirmenn og fáum að spjalla við starfsfólk. Í framhaldi af kynningum hafa margir óskað eftir viðtali strax og hafa stjórnendur í einhverjum tilvikum lánað okkur skrifstofu eða rólegan stað til að bjóða upp á viðtöl í fyrirtækjunum. Algengara hefur þó verið að pantaður sé tími hjá ráðgjafa á skrifstofu Þekkingarnetsins. Þessi leið hefur virkað vel hefur verið notuð lengi og gengið vel. Árið 2024 var minna um viðtöl eftir kynningu á vinnustöðum og voru kynningarnar þá færri en árið áður.

## Náms- og starfsráðgjöf

Á árinu hefur samstarf við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu er snýr að ráðgjöf og raunfærnimati gengið vel. Náms- og starfsráðgjöf var á árinu 2024 sinnt víða um svæðið líkt og hefur verið lögð áhersla á síðustu ár, þ.e. að einstaklingar geti sótt ráðgjöf sem næst heimili sínu. Á árinu hefur gengið vel og mikil ásókn verið í ráðgjöf. Hjá Þekkingarnetinu leitumst við við að nota fjölbreyttar leiðir til að ná til einstaklinga og heilt yfir hefur gengið vel að ná til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Við höfum í gegnum ráðgjöfin unnið með fyrirtækjum t.d. að fræðslugreiningum og hafa margir sótt náms- og starfsráðgjöf í kjölfar þess.

Í ráðgjöfinni er lögð áhersla á gott aðgengi og er nú hægt að bóka tíma í náms- og starfsráðgjöf rafrænt á heimasíðu Þekkingarnetsins. Einnig er hægt að hafa samband í tölvupósti, síma, á facebook eða instagram. Við reynum að hafa ráðgjöfina eins aðgengilega aðstæður leyfa. Það er nokkuð um að ráðþegar komi fyrirvaralaust og þá sinnum við þeim eins og við getum hverju sinni.

Líkt og síðustu ár höfum við verið í farsælu samstarfi við Virk starfsendurhæfingarsjóð og Vinnumálastofnun með náms- og starfsráðgjöf og aðra þjónustu sem fellur að þörfum þjónustuþega þeirra.

## Raunfærnimat

Raunfærnimat hefur með hverju árinu vaxið og fest sig í sessi sem mikilvæg þjónusta fyrir einstaklinga sem vilja þróast í starfi og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Einnig hefur raunfærnimatið fengið aukna athygli frá atvinnulífinu á svæðinu og verið raunhæfur valkostur til að styrkja við hæfni, réttindi og menntun starfsfólks sem uppfylla þau skilyrði að fara í matið.

Mest hefur verið sótt í raunfærnimat í þjónustugreinum, þ.e. raunfærnimat til félagsliða, leikskólaliða, stuðningsfulltrúa og félagsmála- og tómskundaliða. Eins og fyrri ár hefur gengið vel að ná til einstaklinga og eftirspurn aukist. Á síðastliðnu ári var byrjað með raunfærnimat í sjúkraliða og gekk það mjög vel og margir sem fóru í það og fengu metnar einingar til styttingar náms. En einnig voru einstaklingar sem fóru í raunfærnimat í þjónustugreinum og í samstarfi við Iðuna í iðngreinum. Stór hluti þeirra einstaklinga sem fara í gegnum raunfærnimat á Þekkingarnetinu skrá sig á námsleið hjá Þekkingarnetinu. Ef að viðeigandi námsframboð er ekki í boði er viðkomandi boðið frekari náms- og starfsráðgjöf til þess að finna viðeigandi námsleið annarsstaðar sem hentar viðkomandi að taka.

## NÝSKÖPUNARSVIÐ Hraðið miðstöð nýsköpunar

Árið var viðburðaríkt hjá Hraðinu, miðstöð nýsköpunar, þar sem eftirspurn eftir námskeiðum, viðburðum og aðstöðu var mikil. Í ár höfðu 17 aðilar frá 14 stofnunum og fyrirtækjum tryggt sér vinnuádstöðu í miðstöðinni. Þar er boðið upp á fjölbreytta aðstöðu, þar á meðal skrifborð, nettengingu, næðisrými, prentun, skönnun, fundarými, kaffistofu og Fab Lab. Lögð er áhersla á notalegt vinnuumhverfi með hækkanlegum vinnuborðum, sófahornum og sameiginlegu kaffirými, þar sem frumkvöðlar og aðrir notendur geta skipst á hugmyndum og rætt útfærslur þeirra.

Hraðið býður upp á fimmtán langtíma starfstöðvar, sem leigðar eru til eins mánaðar í senn. Að auki eru þrettán sveigjanlegar („flex“) starfsstöðvar, sem hægt er að leigja eftir þörfum. Einnig er boðið upp á hópinnurými fyrir frumkvöðla, með sætum fyrir allt að 30 manns, þar af 16 við borð. Sveigjanleiki er mikill, og auðvelt er að fjölga „flex“ borðum eftir eftirspurn.

Hraðið hefur markvisst unnið að því að tengja saman rannsókn- og þekkingarsamfélagið við atvinnulífið og leggur sig fram við að vera leiðandi á svæðisvísu í samstarfi við önnur frumkvöðlasetur og fyrirtæki í nýsköpunarstarfi innan lands og utan. Það leggur því mikið upp úr því að bjóða upp á fræðandi og líflega viðburði. Á árinu má nefna sem dæmi:

- Í samstarfi við símenntunarsviðið heldur Hraðið úti 80 stunda hönnunar- og tilraunasmíðju í Fab Lab Húsavík þar sem markmiðið er að námsmenn öðlist innsýn í stafræna framleiðslutækni og auki áhuga sinn á hönnun og nýsköpun. Smíðjan er fyrir 20 ára og eldri og mikill áhugi var á henni. Ljóst er að endurtaka þarf hana fjótt til að svara eftirspurn. Kennarar komu víða að og nemendur eru frá fjölmörgum fyrirtækjum og skólum á svæðinu.
- Hraðið tekur þátt í norrænu samstarfsverkefni sem ber heitið: GreenADeN - Green Skills Adaptation and Development for the Nordic Region. Verkefnið er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni og hlutverk Hraðsins þar snýst um græna færniþjálfun í gegnum lausnamót og stafræna tækni.
- Hraðið tók á móti Listaháskóla Íslands í mars sem var með vinnustofu í viku í frumkvöðlaaðstöðu Hraðsins og Fab Labinu fyrir nemendur í grafískri hönnun.
- Hraðið er þátttakandi í viðskiptahraðlinum Startup Stormur sem rekinn er af Norðanátt. Verkefnisstjóri Hraðsins gegndi hlutverki Mentors í hraðlinum og hýsti vinnustofu í Hraðinu. Í ár eru sjö teymi í hraðlinum, þar á meðal teymið Skynró sem var sigurvegari í KRUBBI fyrir árinu.





Einbeittir þátttakendur í Krubbi hugmyndahraðhlaupi



CPPræðir hljóðsköpun í Eve Online



Forritunarklúbbur barna



Óli sýnir frumgerð fiskvinnsluvogar Marel



Tónlistarsköpunarverkstæði barna

- Í mars hélt Hraðið tveggja daga nýsköpunarkeppni, “Krubbur hugmyndahraðhlaup” þar sem sjö lið kepptu um bestu nýsköpunarhugmyndina á sviði endurnýtingar hliðarafurða og hráefnis sem fellur til í iðnaði á svæðinu. Verkefnið var unnið í samstarfi við Klak, Eim, Norðanátt, Íslenska gámafélagið og PCC Bakka Silicon. Það var styrkt af Lóu nýsköpunarsjóði. Vegleg verðlaun voru í boði og sigurvegararnir fengu m.a. ársaðild að vinnuaðstöðu í Hraðinu og ráðgjöf til að koma vinningshugmynd sinni í framkvæmd.
- Hraðið stýrði verkefninu Beislum kraftinn – hagnýting rafíþrótta til eflingar færni 18-29 ára, með styrk frá Lóu nýsköpunarsjóði. Verkefnið fól í sér sérstök námskeið fyrir kennara í rafíþróttum á Húsavík, ásamt greiningu á framboði tölvuleikja, þar sem valdir voru hentugustu leikirnir fyrir mismunandi aldurshópa í rafíþróttum. Verkefnið var unnið í samstarfi við Framhaldsskólann á Húsavík og Rafíþróttasamband Íslands.
- FabLab Húsavík og STEM Húsavík starfræktu forritunarklúbb fyrir börn á aldrinum 8-14 ára á árinu. Hópur barna keppti á hans vegum í keppninni First Lego League í október.
- Hraðið stóð fyrir fjömenntri hátíð hönnunar og nýsköpunar í október þar sem sérstök áhersla var á snertifleti hönnunar og tónlistar. Viðburðurinn, sem ber heitið HönnunarÞing og er nú orðinn árlegur, var afar vel heppnaður og hingað komu sérfræðingar á sviði gervigreindar, hljóðhönnunar, vöruhönnunar og nýsköpunar sem fræddu viðstadda um nýjungar á því sviði. Helstu samstarfsaðilar voru Listaháskóli Íslands, Orkuveita Húsavíkur og SSNE. Hönnunarþing var styrkt af Lóu nýsköpunarsjóði og Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Meiri upplýsingar um hátíðina má finna [hér](#).
- Listaháskólinn kom aftur með tvo hópa í Hraðið í september þar sem þeir voru með vinnustofu í frumkvöðlarýminu og FabLabinu. Í þetta skiptið voru það 1. árs og 3. árs nemendur í vöruhönnun sem dvöldu hér í eina viku. Kennarar LHÍ buðu framhaldsskólanemum á svæðinu á sérstaka kynningu um námið í LHÍ. Nemendur og kennarar tóku virkan þátt í HönnunarÞingi Hraðsins.

- Hraðið tók þátt í málþingi Rannsóknaseturs skapandi greina í Háskólanum á Akureyri í nóvember þar sem Stefán Pétur verkefnisstjóri Hraðsins var með erindi. Erindið fjallaði um mikilvægi uppbyggingar nýsköpunaraðstöðu og áhrif nýsköpunarjarðvegs.
- Í janúar sendi Hraðið fulltrúa á BETT tæknisýninguna í London þar sem kynntar voru helstu tækninýjungar sem gagnast í kennslu. Viðburðurinn nýtist Hraðinu bæði til að kynna nýjustu tækni í kennslu sem og til að stækka tengslanetið.
- Í maí tók fulltrúi Hraðsins þátt í norrænu tækniráðstefnunni TONIK sem haldin var í Færeyjum. Þar kynnti hann starfsemi Hraðsins og myndaði mikilvæg tengsl í geiranum. Viðburðurinn DesignThing naut m.a. góðs af góðum hugmyndum og tengiliðum sem sköpuðust þar.
- Hraðið er í teymi stjórnenda á fjárfestahátíð Norðanáttar á Norðurlandi ásamt Eimi, SSNE, SSNV, Nýsköpun í norðri og RATA. Verkefnið snýr að því að leiða saman fjárfesta og frumkvöðla á svæðinu og hreyfingin er samstarf aðila á Norðurlandi sem starfar í anda nýrrar klasastefnu, þvert á stofnanir samfélagsins og hraðar framþróun og nýsköpun.
- Hraðið hefur átt gott samstarf við fjölmarga frumkvöðla og fyrirtæki á sviði vöruhönnunar á árinu. Má þar nefna Hugdettu, 1+1+1, AaltoAalto studio, Sigurjón Pálsson ofl. Fab Lab Húsavík er sniðið að þörfum vöruhönnuða og hefur eftirspurn eftir vinnustofum því tengt aukist töluvert. Fab Lab Húsavík á auk þess í miklu og góðu samstarfi við aðrar Fab Lab smiðjur á Íslandi um ýmis verkefni.
- Óskað hefur verið eftir aðkomu Hraðsins að skipulagningu og framkvæmd fjögurra nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva á svæðinu. Þar byggir Hraðið á mikilvægri reynslu við stofnun nýsköpunarmiðstöðvarinnar og Stéttarinnar á Húsavík. Framlag Hraðsins hefur verið í formi ráðgjafar varðandi skipulag, aðbúnað, fjármögnun og samstarf.
- Hið þingeyyska fornleifafélag, Urðarbrunnur notaði aðstöðuna í Hraðinu fyrir reglulega verkefnafundi á árinu.
- Hingað komu vöruhönnuðir að vinna að verkum sínum m.a. fyrir Hönnunarmars 24 og aðrar sýningar.



Verkefnisstjóri Hraðsins með erindi á málþingi um áhrif menningar og skapandi greina í landsbyggðunum



Stjórnendateymi Fjárfestahátíðarinnar á Siglufirði 2024. Mynd: Eimur



SKYNRÓ - sigurvegarar Krubbs 24 fagna góðum árangri á Startup Stormi



Fulltrúar Hraðsins og Norðanáttar á tækniráðstefnunni TONIK í Færeyjum



Silent Disco í skútunni Opal



Hlaðvarpsgerð í Stúdíóinu



Hönnunarþing panelumræður



Sköpunarverkstæði Sæskrímslanna í júní

- Hraðið var þátttakandi í Evrópuverkefninu SPECIAL sem stendur fyrir “Supporting and Promoting Entre Comp through Innovative Advanced Learning.” SPECIAL miðar að því að styrkja frumkvöðlafærni, lífsleikni og „mjúka færni“ (soft skills) hjá ungu fólki sem er ekki í námi eða þjálfun og er án atvinnu (NEET). Samstarfsaðilar verkefnisins eru frá Spáni, Belgíu, Ítalíu og Svíþjóð. Verkefninu sem var til þriggja ára lauk á árinu.
- Hraðið hefur tekið á móti fjölda nemendahópa á árinu og kynnt þeim starfsemi Hraðsins og FabLab Húsavík. Meðal þeirra sem komu voru starfsmenn rannsóknasviðs Háskólans í Tromsø, hópur danskra háskólanema, starfsfólk HA, starfsfólk Borgarhólsskóla, starfsfólk leikskólans Grænuvalla, nemendur Framhaldsskólans á Húsavík og margir fleiri.
- Fjölmarginir hópar félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja komu auk þess og kynntu sér frumkvöðlasetrið og Fab Labið á árinu. Má þar m.a. nefna, ráðherra og starfsfólk mennta- og viðskiptaráðuneytisins, Agora, Lions, Lady Circle, Round Table, starfsfólk Póstsins, starfsfólk Heimamanna, útskriftarhópur frá Samvinnuskólanum Bifröst, Menntaskólanum á Akureyri og margir fleiri.
- Nánari upplýsingar um Hraðið og starfsemi þess má finna í [ársskýrslu Hraðsins](#) og [kynningarmyndbandi](#).

## FAB LAB HÚSAVÍK

Fab Lab Húsavík starfar samkvæmt samningi við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið og sveitarfélagið Norðurþing. Árið 2024 var afar líflegt hjá Fab Labinu og alls voru notendur smiðjunnar um 2.600. Segja má að árið hafi einkennst af fjölbreyttum námskeiðum og góðri aðsókn skólanna á svæðinu í kennslu. Á Húsavík eru nú allmargir kennarar komnir með þjálfun til að kenna nemendum sem styrkir starfsemina töluvert. Háskólanemar nýttu Fab Labið við fjölbreytt verkefni sín á árinu, s.s. við möppugerð fyrir Listaháskóla Íslands, útfærslu verkefna í verk- og tæknifræði, fumgerðahönnun í vöruhönnun, módelgerð í sjávardýralíffræði og margt fleira. Listaháskóli Íslands kom tvisvar með hóp nemenda á árinu sem nýtti sér aðstöðuna við kennslu og vinnustofu og kynnti námið fyrir íbúum svæðisins.

Fjölbreytt kennsla og þjálfun fer fram í Fab Lab Húsavík. Þjálfunin miðar að því að skapa samkeppnishæfara samfélag með því að efla færni íbúa í notkun stafrænnar framleiðslutækni og stuðla að nýsköpun. Mikil aðsókn var í námskeið grunn- og framhaldsskólanna á árinu þar sem kennslustofa Fab Labsins var meira og minna fullsetin allan veturinn.

Verkefnisstjóri Fab Lab Húsavík er Stefán Pétur Sólveigarson. Frekari upplýsingar um starfsemi smiðjunnar má finna í [ársskýrslu Fab Lab Húsavík](#).



Afar líflegt var í Fab Lab Húsavík á árinu

# HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

## Háskólaþjónusta: Helstu markmið

	Markmið 2024	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2025
Námsver - þjónusta og aðstaða	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið á Stéttinni með sama hætti og sömu þjónustu og var í árslok 2023. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Þar verði auk þess hægt að vinna einn eða í hópum í þægilegum sófahornum á nokkrum stöðum um húsnæðið. Eins og áður verði í boði náms- og starfsráðgjöf auk tækniadstoðar.	Já	Nemendur höfðu aðgang að opnum rýmum í tengibyggingu til viðbótar við námsverið á Stéttinni. Þjónustan var með svipuðum hætti og árið áður, sólarhringsaðgangur, tækniadstoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl.	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið á Stéttinni með sama hætti og sömu þjónustu og var í árslok 2024. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Þar verði auk þess hægt að vinna einn eða í hópum í þægilegum sófahornum á nokkrum stöðum um húsnæðið. Eins og áður verði í boði náms- og starfsráðgjöf auk tækniadstoðar.
	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn verði rekin í nýju og glæsilegu húsnæði Kistunnar að Fjarðavegi 5 á Þórshöfn. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Áfram verði áhersla lögð á góða þjónustu og náms- og starfsráðgjöf.	Já	Fullbúin aðstaða er fyrir námsfólk í Kistunni á Þórshöfn. Fyrsta flokks vinnuaðstaða með sólarhringsaðstöðu fyrir framhaldsskóla-, háskóla- og símenntunarnemendur á svæðinu.	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn verði rekin í nýju og glæsilegu húsnæði Kistunnar að Fjarðavegi 5 á Þórshöfn. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Áfram verði áhersla lögð á góða þjónustu og náms- og starfsráðgjöf.
	Starfsemi námsversins verði rekin í Mikley og í nýrri og glæsilegri aðstöðu í Gíg við Skútustaði. Boðið verði upp á sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góða vinnuaðstöðu. Jafnframt verði áfram gott aðgengi að náms- og starfsráðgjöf.	Já	Í Gíg er góð aðstaða fyrir námsmenn. Hlíðavegur 6 í Reykjahlíð, Mikley, var ekki nýttur árið 2024 en sveitarfélagið áformar miklar endurbætur eða sölu á húsinu.	Þjónusta við námsmenn í Mývatnssveit verður í góðri aðstöðu á Gíg. Áfram verði gott aðgengi að náms- og starfsráðgjöf.
	Áfram verði boðin námsaðstaða eftir þörfum á Raufarhöfn og jafnframt unnið með sveitarfélagi og heimafólki að því að bæta aðstöðuna, s.s. með því að útbúa aðstöðu í grunnskólanum á Raufarhöfn.	Já	Unnið hefur verið með hlutaðeigandi að lausnum á því að færa aðstöðu nema og þekkingarstarfsemi í grunnskólahúsið á Raufarhöfn. Bíður viðbragða sveitarfélags og heimafólks.	


	Markmið 2024	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2025
Námsver - þjónusta og aðstaða	Starfsemi og þjónusta á Kópaskeri verði með sama hætti og sömu þjónustu og verði hefur. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjöf.	Já	Þjónusta og aðstaða til staðar og óbreytt. Fjarfunda- og lesaðstaða fyrir námsmenn. Framboð námskeiða	Unnið verði að nýrri lausn í samstarfi við sveitarfélagið og SSNE um aðstöðu í grunnskólanum á Kópaskeri. Þar verði útbúin aðstaða fyrir háskólanema í sameiginlegu rými með SSNE og fleirum. Áfram boðið upp á náms- og starfsráðgjöf.
	Starfsemi og þjónusta á Laugum verði aukin eftir að endurbættum á húsnæðinu líkur haustið 2024.	Já	Í nóvember 2024 var húsið opnað eftir miklar endurbætur.	Þjónusta við námsmenn verði í nýju og endurbættu húsnæði sveitarfélgsins, Þingey.
	Námsþjónusta í Kiðagili verði ekki auglýst sérstaklega en veitt þjónusta eftir því sem eftirspurn útheimtir.	Já	Aðstaða er til staðar en lítil eftirspurn á árinu.	Námsþjónusta í Kiðagili verði ekki auglýst sérstaklega en veitt þjónusta eftir því sem eftirspurn útheimtir.
Námsráðgjöf	Kynna þjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega námsráðgjöf. Horfa sérstaklega til fullorðinna á vinnumarkaði t.a.m. með raunfærnimati.	Já	Náms- og starfsráðgjöf gekk vel og var nokkuð umfangsmikil árið 2024.	Kynna þjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega náms- og starfsráðgjöf. Horfa sérstaklega til fullorðinna á vinnumarkaði t.a.m. með raunfærnimati. Þjóða áfram upp á fjarþjónustu í náms- og starfsráðgjöf.
Fjarpróf	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu, án gjaldtöku, á öllum þjónustustöðum ÞÞ, eftir óskum skóla og nemenda.	Já	Fjarprófaþjónusta var í boði fyrir skóla á öllum þjónustustöðum ÞÞ. Talsverð fjölgun var á milli ára.	Fjarpróf verði boðin með fullri þjónustu, án gjaldtöku, á öllum þjónustustöðum ÞÞ, eftir óskum skóla og nemenda.
Háskólanám	Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/ þekkingarsetur.	Já	Virkt samstarf var við önnur þekkingarsetur í gegnum Samtök þekkingarsetra.	Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/ þekkingarsetur.
Fjarfundabúnaður	Áframhald þróunarverkefna um fjarfundanotkun og fjarvinnustöðvar í héraðinu. Áfram unnið að samstarfi um bætt vinnulag fjarfunda innan og milli stofnana og sveitarfélaga.	Að hluta	Nokkuð var um að fyrirtæki nýttu sér aðstöðu ÞÞ til fjarfunda á árinu. Ekki var þó unnið formlega að bættu vinnulagi fjarfunda milli stofnana og sveitarfélaga á árinu.	Áframhald þróunarverkefna um fjarfundanotkun og fjarvinnustöðvar í héraðinu. Unnið að samstarfi um bætt vinnulag fjarfunda innan og milli stofnana og sveitarfélaga.

## Námsver og þjónusta

Þekkingarnet Þingeyinga sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla og eftir atvikum annarra skóla á starfssvæði sínu. Þannig er vinnuaðstaða háskólanema orðin meðal sjálfsgæðra innviða hins íslenska skólakerfis, þar sem allir háskólar og fjarnámsskólar aðrir samnýta aðstöðuna fyrir sitt fólk. Á árinu 2024 bauð Þekkingarnetið vinnuaðstöðu fyrir námsmenn með mannaðri þjónustu á dagvinnutíma og aðgengi allan sólarhringinn á Húsavík, Þórshöfn og í Mývatnssveit. Á Kópaskeri, Raufarhöfn og á Laugum er þjónusta fyrir námsmenn í boði til fjarprófahalds og fjarfunda og vinnuaðstaða með samkomulagi hverju sinni.

Sem fyrr hafa háskólanámsverin og -þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarnetsins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna Þekkingarnetsins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag. Námsverið í Þekkingarsetrinu á Húsavík er mikið notað af háskólanemum. Regluleg notkun er á dagvinnutíma þar sem fjarnemar stunda sitt nám, með fjarfundasókn og netkeyrðu námi, og eins er mikið um nýtingu lesaðstöðu um kvöld og helgar.


Undanfarin misseri hefur einnig borið meira á því að yngri háskólanemar komi til dvalar um nokkurra vikna skeið í foreldrahúsum og nýti aðstöðu námsveranna til vinnu. Þetta er helst í kringum prófatímabilin í nóvember/desember og apríl/maí ár hvert og hefur þessi þróun valdið jákvæðni í samfélaginu, þar sem ávinningur er margþættur af því að lengja dvalartíma ungs námsfólks í sinni heimabyggð. Líkt og síðustu ár hefur náms- og starfsráðgjöf staðið háskólanemum til boða.



*Góð notkun var á námsaðstöðu háskólanema hjá Þekkingarnetinu á árinu.*

## Fjarpróf

Þekkingarnetið tekur að sér framkvæmd og yfirsetu fjarprófa fyrir alla skóla og nema sem þess óska innan starfssvæðis Þekkingarnetsins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu. Alls voru tekin **353 fjarpróf** á fjórum stöðum í héraðinu frá alls 18 stofnunum árið 2024 á vegum Þekkingarnetsins. Er það fjölgun úr 277 prófum árið 2023. Þekkingarnetið vinnur eftir eigin prófreglum sem stofnunin hefur sett sér og birt á heimasíðu sinni: <http://www.hac.is/haskolanam/profreglur/>, auk þess að fylgja öðrum sérreglum sem hver skóli óskar. Þessar reglur Þekkingarnetsins eru byggðar á venjum og reglum háskólanna og voru þær bornar undir prófstjóra Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri áður en þær voru staðfestar með formlegum hætti af stjórn stofnunarinnar. Ennfremur var tekin sú ákvörðun að bjóða fjarprófaþjónustu á grunni þessara prófreglna á öllum þjónustustöðum Þekkingarnetsins. Ef ekki kemur til ákvörðun samstarfsskólanna um að takmarka sína þjónustu er því fjarprófaþjónusta í boði á sjö stöðum í héraðinu.



Fjöldi fjarprófa á vegum Þekkingarnetsins árið 2024

# RANNSÓKNASVIÐ

## Rannsóknir: Helstu markmið

	Markmið 2024	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2025
Starfsmannahald	Áhersla verði lögð á að framlengja öflugt starf í KISTUNNI á Þórshöfn. Stefnt verði að því að viðhalda stöðugildafjölda við rannsóknastörf á árinu 2024.	Já	Samningur við Langanesbyggð um rekstur og starfsemi í Kistunni á Þórshöfn var endurnýjaður. Önnur markmið um starfsmannahald náðust.	Á árinu verði starfsmannahald með áþekku umfangi og árið áður. Breytingum á langtímaverkefnum (sbr. sjálfbærni-verkefninu Gaum) verði mætt með tilfærslum starfskrafta innanhúss eins og hægt er.
Rannsókn verkefni háskólanema	Áhersla verður lögð á að ráða sumarnema í tímabundin rannsóknarverkefni í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir á svæðinu. Sérstök áhersla verði lögð á að tengja viðfangsefni sumarstarfsfólks ólíkum starfssviðum ÞÞ.	Já	ÞÞ hafði umsjón með verkefnum tveggja háskólanema sumarið 2024.	Áhersla verður lögð á að ráða sumarnema í tímabundin rannsóknarverkefni í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir á svæðinu. Sérstök áhersla verði lögð á að tengja viðfangsefni sumarstarfsfólks ólíkum starfssviðum ÞÞ.
Innlend rannsókn-/ráðgjafaverkefni	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar með áherslu á hagnýtingu gagna. Sérstök áhersla verður á að sækja um rannsóknarstyrki í innlenda sjóði. Aukin áhersla verði lögð á kynningu niðurstaðna rannsókn- og þróunarverkefna, m.a. með þátttöku í ráðstefnum.	Já	Samningur um rekstur Gaums, sjálfbærni-verkefnis Landsvirkjunar hélt áfram út árið 2024. Gefin var út samantekt mannfjöldapróunar. Einnig voru nokkur minni verkefni innan héraðs leyst af hendi og/eða seld út á rannsóknasviði.	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Fyrirséðar eru breytingar á verkefninu Gaum. Á árinu verður stefnt að því að mæta minna umfangi vegna breytinga á Gaum með sókn í nýjar áttir, m.a. aukinni áherslu á erlend samstarfsverkefni og innlenda samkeppnissjóði á rannsóknasviði.

Erlend verkefni

Lögð verði áhersla á fjölbreytt erlend samstarfsverkefni enda víkki þau bæði starfssvið og sjóndeildarhring starfsmanna. Afurðir verkefnanna verði nýtt til fræðslu og enn frekar aðlöguð að þörfum starfsvæðisins.

Já

Evrópuverkefni sem Þekkingarnetsið var beinn þátttakandi í voru tvö á árinu og að auki fékkst endurúthlutun í KA1 - Nám og þjálfun sem styrkt er af Erasmus+. Meginfókus verkefnanna eru í samræmi við stefnu og starfsemi Þekkingarnetsins. Er þar m.a. um að ræða þróun kennsluefnis um stafræna færni, stuðning við þróun mjúkrar færni, verkefnastjórnun og einnig umhverfis- og loftslagsmál.

Lögð verði áhersla á fjölbreytt erlend samstarfsverkefni enda víkki þau bæði starfssvið og sjóndeildarhring starfsmanna. Afurðir verkefnanna verði nýtt til fræðslu og enn frekar aðlöguð að þörfum starfsvæðisins.

Samstarf / rannsóknir og þróun

Áhersla verði lögð á uppbyggingu samstarfs innan þekkingarsamfélagsins í Þingeyjarsýslum. Hraðið verði miðstöð frumkvöðla og nýsköpunar og FabLab Húsavík setji upp skipulagða dagskrá fyrir skóla, atvinnulífið, frumkvöðla og almenning. Aukin áhersla verði lögð á þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög á svæðinu. Leitað leiða til að nýta hagnýtar svæðisbundnar rannsóknir í þágu nærsamfélagsins.

Já

Unnið var markvisst að þessum þætti á árinu. Á Stéttinni hefur skapast suðupottur nýsköpunar og samstarfsvettvangur þeirra rannsóknastofnana sem þar eru til húsa. Í Mývatnssveit fór fram undirbúningsvinna sem fól í sér að koma ÞÞ undir sama þak og gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs, Umhverfisstofnun, RAMÝ og Skútustaðahreppur í Hótel Gíg. Starfsemi Hraðsins gekk að óskum þar sem stofnað hefur verið til fjölda leiguáskrifta auk þess sem góð virkni var í notkun Fab Labsins og frumkvöðlasetursins.

Áhersla verði áfram lögð á uppbyggingu samstarfs innan þekkingarsamfélagsins í Þingeyjarsýslum. Unnið verði náið með samstarfsaðilum um miðlun þekkingar og þróunar s.s. með ráðstefnum, hakaþonum, hröðlum og fleiru slíku.

Hraðið verði miðstöð þar sem góðar hugmyndir njóti öflugs stuðningskerfis og stuðlað verði að framgangi þeirra í tækni- og vísindageiranum sem og atvinnulífinu.

	Markmið 2024	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2025
Upplýsingasöfnun í héraðinu	Lögð verði áhersla á að taka saman og miðla hagnýtum upplýsingum um samfélags- og byggðaþróun á starfssvæðinu. Þróa nýjar leiðir sem tæknin býður upp á hverju sinni til að miðla og kynna efni.	Já	Árleg skýrsla um þróun mannfjöldans í Þingeyjar-sýslum var gefin út. Einnig fór fram viðamikil upplýsingasöfnun í gegnum sjálfbærni-verkefnið. Könnun var gerð meðal 850 erlendra ferðamanna á Húsavík og í Mývatnssveit um hegðun þeirra og upplifun sem og áhrif kvikmynda á venjur þeirra.	Lögð verði áhersla á að taka saman og miðla hagnýtum upplýsingum um samfélags- og byggðaþróun á starfssvæðinu. Þróa nýjar leiðir sem tæknin býður upp á hverju sinni til að miðla og kynna efni. Áhersla verði lögð á erlenda íbúa svæðisins og málefni þeirra.
Kynningamál	Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna á ráðstefnum og með greinarskrifum.	Já	Þau verkefni sem unnin voru á árinu voru kynnt eftir því sem kostur var. Evrópuverkefni voru kynnt á viðeigandi vettvangi sem og á heimasíðu	Lögð verði áfram áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna á ráðstefnum og með greinarskrifum.

## Rannsóknastarfsemin

Rannsókn- og þróunarstarfsemi Þekkingarnetsins felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- Rannsóknþjónusta; þ.e. þjónusta, upplýsingagjöf og aðstaða fyrir rannsakendur á svæðinu.
- Eigin rannsóknaverkefni Þekkingarnetsins.
- Útseld rannsókn- og ráðgjafarvinna starfsfólks Þekkingarnetsins.
- Rannsóknaverkefni sem unnin eru í samstarfi við háskólanema.
- Ýmis þróunar- og rannsóknaverkefni í samstarfi við aðrar stofnanir.
- Þátttaka í faglegri umræðu innan og utan héraðs um þróun rannsókna og háskólastarfs.

### Rannsóknþjónusta

Þekkingarnetið hefur það hlutverk samkvæmt skipulagsskrá og samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að vera miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda í Þingeyjarsýslum.

Þekkingarnetið sinnir þessu hlutverki með ýmsum hætti. Til að mynda hýsir það rannsakendur og aðstoðar þá sem sinna rannsóknum á svæðinu. Er það gert með því að veita þeim aðgang að húsnæði, tækjum og netkerfi Þekkingarnetsins auk þess sem ráðgjöf er veitt með formlegum og óformlegum hætti við rannsóknastarf. Þessi rannsóknþjónusta er veitt ýmsum aðilum, eftirtöldum helst:

- Starfsfólki rannsóknastofnana,
- rannsakendum á vegum háskóla á Íslandi,
- námsfólki í rannsóknaverkefnum,
- sjálfstæðum rannsakendum (íslenskum og erlendum).



Verkefni rannsóknasviðs voru fjölbreytt árið 2024. M.a. viðtalsrannsóknir, spurningakannanir og ýmis konar samstarf við aðrar stofnanir og rannsakendur.

## EIGIN RANNSÓKNAVERKEFNI ÞEKINGARNETSINS 2024

Þekkingarnetið hefur einnig ákveðnar skyldur til frumkvæðis að rannsókn- og þróunarstarfi í héraðinu. Þannig er leitast við að afla þekkingar á samfélagi eða umhverfi með rannsóknastarfi og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum. Helstu verkefni ársins 2024 voru eftirfarandi:

### Erlendir ferðamenn á Húsavík og í Mývatnssveit

Þekkingarnetið framkvæmdi ferðavenjukönnun meðal 850 ferðamanna á Húsavík og í Mývatnssveit sumarið 2024. Könnunin var hluti af rannsóknarverkefni sumarnema ÞP og hafði það meginmarkmið að kanna hvort og hvernig kvikmyndir og sjónvarpsþættir hefðu áhrif á val ferðamanna á áfangastað. Niðurstöður könnunarinnar verða gefnar út í tveimur aðskildum skýrslum sem kynntar verða séstaklega fyrir ferðapjónustuaðilum, fulltrúum sveitarfélaga og öðrum áhugasömum. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

### Mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslum

Líkt og fyrr ári kom út skýrsla um mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslum. Markmið verkefnisins er að fylgjast með byggðapróun, hvernig íbúar í Þingeyjarsýslum skiptist niður á svæði, aldur og kyn. Tölur og útreikningar byggja á talnaefni frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar ár hvert. Að þessu sinni náði skýrslan yfir árin 2015-2024 að auki var sérstaklega skoðaður flutningur íbúa að og frá svæðinu.

### Beislum kraftinn - hagnýting rafíþróttar til eflingar færni 18-29 ára án menntunar, starfa eða þjálfunar

Verkefnið sem styrkt var af Lóu nýsköpunarsjóði gekk út að þjálfar og þróa eftirsóknarverða starfsfærni s.s. teymisvinnu, leiðtogafærni, samskiptafærni, lausnaleit, frumkvöðlahugsun, skapandi hugsun og stefnumótandi hugsun í gegnum rafíþróttir. Markhópurinn var 18-29 ára einstaklingar sem eru án menntunar, starfa eða þjálfunar fyrir vinnumarkað. Við upphaf verkefnisins var unnin greining á rafíþróttum á Íslandi og umfangi þeirra s.s. hvað varðar fjölda iðkenda, þjálfara, menntun þjálfara, keppnir o.fl. Einnig var framboð tölvuleikja greint og úr þeim valdir hentugustu leikirnir fyrir markhópinn. Þriggja daga námskeið var svo haldið í lok verkefnis.

### Gluggi út í heim: Að heiman og aftur heim

Þekkingarnet Þingeyinga fékk á árinu styrk úr uppbyggingarsjóði sóknaráætlunar Norðurlands eystra vegna verkefnis sem er ljósmynda- og viðtalsverkefni. Í því var rætt við sex einstaklinga af erlendum uppruna sem búsettir eru á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga og hafa verið undanfarin ár. Nicola van Kuilenburg sem er einn þeirra háskólanema sem starfa við sumarverkefni hjá Þekkingarnetinu í sumar vann verkefnið. Lesa má um verkefnið á bls 22.

## ÚTSELD RANNSÓKNA- OG RÁÐGJAFAVINNA

Sala á sérfræðivinnu var nokkur á árinu. Stærstur hlutinn tengdist Sjálfbærni-verkefninu á Norðausturlandi sem rekið er af Landsvirkjun en einnig var nokkuð um smærri verkefni sem Þekkingarnetið hafði aðkomu að.

### Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi

Innan vöktunarverkefnisins Gaums er fylgst með þróun mála á sviði samfélags, umhverfis og efnahags á svæðinu frá Vaðlaheiði í vestri til og með Tjörneshreppi í austri. Þekkingarnetið fer með verkefnisstjórn en það felur í sér öflun gagna, úrvinnslu þeirra og að gera þau aðgengileg. Frá árinu 2019 hefur vefsíða verkefnisins [www.gaumur.is](http://www.gaumur.is) verið opin en þar eru gögnin birt bæði á myndrænu formi og í skjölum sem notendur geta unnið áfram eftir þörfum og áhuga. Innan verkefnisins starfar stýrihópur sem í eru fulltrúar Landsvirkjunar, Landsnets, PCC BakkiSilicon, Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri, Norðurþings, Þingeyjarsveitar og úr ferðaþjónustunni. Stýrihópurinn kemur saman tvisvar á ári og hefur gengt veigamiklu hlutverki við þróun og rekstur verkefnisins.

### Árbók Þingeyinga

Samkvæmt samningi við sveitarfélögin Norðurþing og Langanesbyggð sér Þekkingarnet Þingeyinga um gagnaöflun og framsetningu þeirra vegna pistils um sveitarfélagið í Árbók Þingeyinga. Sveitarfélögin eru víðfeðm og leitast er við að afla gagna sem víðast úr starfsemi þeirra, bæði í landfræðilegum og samfélagslegum skilningi svo að sérkenni hvers hluta samfélagsins innan Norðurþings og Langanesbyggðar komi fram. Gagnaöflunin nær til skólastarfs, menningarstarfsemi, íþrótta- og tómstundastarfs, sjávarútvegs, landbúnaðar, veiði í ám og vötnum, rannsóknar- og þróunarstarfsemi, menntunar og hvers kyns félagsstarfs.

### Gígur og Seigla

Uppbygging á aðstöðu fyrir nýsköpun, menntun og rannsóknir í Þingeyjarsveit. Samstarfverkefni við Þingeyjarsveit um kortlagningu möguleika á atvinnu og þróunarsetri í Seiglu á Laugum og stuðning við áframhaldandi uppbyggingu í þekkingarsamfélaginu Gíg í Mývatnssveit. Verkefnið var styrkt af C1 og meginmarkmið þess er að móta farveg og grundvöll þekkingarseturs með það í huga annars vegar að styrkja samfélag og byggð og hins vegar að vera vettvangur fyrir aðila þekkingarsetursins til að efla starf sitt og starfsumhverfi. Niðurstöður verkefnisins voru kynntar á vormánuðum 2024.

## ÞRÓUNAR- OG RANNSÓKNAVERKEFNI Í SAMSTARFI VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Erlend samstarfsverkefni eru vaxandi hluti starfsemi Þekkingarnetsins og hefur stofnunin tekið þátt í allmörgum slíkum verkefnum. Oftast er um að ræða rannsóknar- og/eða þróunarverkefni á fagsviðum Þekkingarnetsins þar sem fjármögnun fer fram í gegnum samkeppnissjóði á evrópskum eða norrænum grunni.



Skýringar: Erasmus+ samstarfsverkefni sem Þekkingarnetið var beinn þátttakandi í voru þrjú á árinu. Þekkingarnetið hlaut styrk til að leiða nýtt Erasmus+ samstarfsverkefni og það hófst í nóvember 2024. Meginfókus verkefnanna eru í samræmi við stefnu og starfsemi Þekkingarnetsins. Er þar m.a. um að ræða þróun kennsluefnis um umhverfis- og loftslagsmál, óáþreifanlegan menningararf og verkefnastjórnun.



### FIRST Network og EU-NET

Þekkingarnetið er aðili að First Network en það eru alþjóðleg samtök símenntunarmiðstöðva og rannsóknarsetra. Markmið samtakana er að styrkja og auka samvinnu samtaka og sjálfseignastofnana á sviði fullorðinsfræðslu til að starfa á alþjóðavettvangi, auka nýsköpunarhæfni og getu til að laga sig að breytingum í nútíma heimi. Heimasíða samtakanna er: <https://first-network.eu/en/>



Í tenglum við First Network verkefnið hóf Þekkingarnetið samstarf í tveggja ára Evrópuverkefni sem kallast: “European NETWORKING as a method for further training and exchange of ideas in the lifelong learning sector” „Evrópskt NET sem aðferð til frekari þekkingar og til að skiptast á hugmyndum í símenntunargeiranum“ [EU-NET]. Heildarmarkmið EU-NET verkefnisins er að styðja við tengslanet á evrópskum vettvangi sjálfseignarstofnana og samtaka sem starfa í símenntunargeiranum. Samstarfsaðilar stefna á að hanna, þróa leiðbeiningar um tækifæri í evrópskum samstarfsverkefnum fyrir stofnanir og samtök í símenntun.



### NICHE 2

Nurturing Intangible Cultural Heritage for Entrepreneurship. Markmið NICHE 2 er að þróa og veita þjálfun fyrir einstaklinga sem nýta sér óáþreifanlegan menningararf í sínu starfi til að stuðla að sjálfbærum vexti þessarar starfsemi. Markmið verkefnisins er að auka fagmennsku með því að styðja við þá færni sem hefur verið skilgreind í Evrópska hæfnirammaum um sjálfbærni sem og stafræna færni.



## KA1 - Nám og þjálfun

Þekkingarnet Þingeyinga hefur fengið aðild að Erasmus+ aðild í Nám og þjálfun sem lögaðilar og stofnanir sem sinna fullorðinsfræðslu geta sótt um. Um er að ræða styrki til starfsþjálfunar með námsheimsóknum, á vinnustaði, í starfsspeglun (job-shadowing) eða til að taka þátt í náms- og þjálfunarferðum. Erasmus+ er styrkjaáætlun ESB fyrir mennta- æskulýðs- og íþróttamál.



## GreenADeN

GreenADeN er verkefni sem er fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni, nánar tiltekið af sjóðnum Green Skills Adaptation and Development for Nordic Region. Verkefnið leiðir finnsk stofnun og eru samstarfsaðilar alls fjórir, frá Finnlandi, Danmörku, Eistlandi auk Þekkingarnetsins. GreenADeN er þverfaglegt verkefni um græna færniþróun fyrir ólíka markhópa. Haldnar voru vinnustofur og námskeið þar sem lögð er áhersla á aðlögun evrópskrar loftslagsstefnu á Norðurlöndum og Eystrasaltlöndum. Verkefninu lauk í október 2024.



Vorfundur Samtaka Þekkingarsetra (SPS) á Húsavík í ágúst 2024  
Á myndinni eru forstöðumenn þekkingarsetranna auk starfsmanna

## YFIRLIT VERKEFNA Á RANNSÓKNASVIÐI 2024

VERKEFNI	TEGUND	SAMSTARF	FRAMKVÆMD
EU_NET	Erasmus + Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Póllandi, Ungverjalandi, Spáni, Ítalíu og Portúgal	AD, IB, HVG, HÓ
Nám og þjálfun Accredited projects for mobility of learners and staff in adult education	Erasmus+ Starfsþjálfun og endurmenntun starfsfólks	Samstarfsaðilar í fullorðinsfræðslu í einu af þátttöku- löndum Erasmus+ áætlunarinnar	Allir starfsmenn
GreenADeN	Green Skills Adaptation and Development for Nordic Region	Samstarfsaðilar í Finnlandi, Eistlandi og Danmörku	AD, HVG, LBR
Mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslum 2014-2023	Upplýsingar um mannfjöldapróun í Þingeyjarsýslu		HEI
Gígur og Seigla – uppbygging á aðstöðu fyrir nýsköpun, menntun og rannsóknir í Þingeyjarsveit	Verkefni fyrir Þingeyjarsveit	Þingeyjarsveit	AD, LBR
NICHE 2 Nurturing Intangible Cultural Heritage for Entrepreneurship	Erasmus + Verkefnisstjórn, Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Íslandi Frakklandi, Króatíu, Ítalíu og Spáni.	AD, IB, HVG, HÓ
Erlendir ferðamenn á Húsavík sumarið 2014	Ferðavenju- könnun með áherslu á áhrif kvikmynda og sjónvarpsþátta	Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna	LBR, HEI, ZS

## YFIRLIT VERKEFNA Á RANNSÓKNASVIÐI 2024

VERKEFNI	TEGUND	SAMSTARF	FRAMKVÆMD
Erlendir ferðamenn í Mývatnssveit sumarið 2014	Ferðavenju-könnun með áherslu á áhrif kvikmynda og sjónvarpsþátta	Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna	LBR, HEI, ZS
Beislum kraftinn - hagnýting rafíþrótta til eflingar færni 18-29 ára án menntunar, starfa eða þjálfunar	Greining á tölvuleikjum og námskeið	Styrkt af LÓU nýsköpunarjóði	HEI, SPS
Gluggi út í heim – að heiman og aftur heim	Viðtalsverkefni og sýning	Styrkt af Uppbyggingarsjóði	HEI, NK, LBR
Gaumur: Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi	Vöktunarverkefni þar sem fylgst er með þróun mála á sviði samfélags, umhverfis og efnahags	Landsvirkjun	HEI
Árbók Þingeyinga	Samantekt og ritstjórn kafla	Norðurþing og Langanesbyggð	HEI, HÓ



Þekkingarnet  
Þingeyinga

### Óli Halldórsson

Forstöðumaður  
MA Umhverfisfræði, BA heimspeki,  
Framhaldsskólakennari



### Arnþrúður Dagsdóttir

Verkefnastjóri í Gíg/Mikley  
MA og BA í myndlist, Kennslufræði



### Egill Aðalgeir Bjarnason

Húsumsjón og ræstingar Húsavík  
Prófyfirseta ofl.



### Guðrún Helga Ágústsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi  
MA náms- og starfsráðgj. BA félagsráðgjöf  
Dipl. starfsendurhæfing



### Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri, afgreiðsla  
Skólaritari frá VÍ



### Heiðrún Óladóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði  
BEEd kennari



### Helena Eydís Ingólfssdóttir

Verkefnastjóri á rannsóknasviði  
BEEd kennari,  
MPA í opinberri stjórnýsly



### Hilmar Valur Gunnarsson

Verkefnastjóri á símenntunarsviði  
BA í félagsráðgjöf



### Ingibjörg Benediktsdóttir

Verkefnastjóri á símenntunarsviði  
BA í nútímafræðum



### Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Verkefnastjóri á rannsóknasviði  
MS alþjóðamarkaðsfr. MS ferðamálafr.  
Cand.Oecon Viðskiptafræði



### Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Verkefnisstjóri Kistunnar  
BS Hjúkrunarfræði



### Stefán Pétur Sólveigarson

Verkefnisstjóri Hraðsins  
BA vöruhönnun



### Ásta Birna Gunnarsdóttir

Ræstingar



### Ásrún Vala Kristjánsdóttir

Ræstingar



### Nicola van Kuilenburg

Sumarnemi



### Zacaria Soualem

Sumarnemi



Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi nema í símenntun og háskólafráttum innan veggja Stéttarinnar allt árið um kring. Einnig er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanirnar sem nýta aðstöðu og þjónustu við störf sín til skemmrí tíma



Náttúrustofa  
Norðausturlands

### Þorkell Lindberg Þórarinnsson

Forstöðumaður  
Dýravitfræðingur (M.Sc)



### Aðalsteinn Örn Snæþórsson

Sérfræðingur  
Líffræðingur (M.Sc.) og kennari



### Sesselja Guðrún Sigurðardóttir

Sérfræðingur  
Líffræðingur (B.Sc.)



### Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir

Sérfræðingur  
Líffræðingur (M.Sc.)



### Yann Kolbeinsson

Sérfræðingur  
Líffræðingur (B.Sc.)



### Rán Þórarinnsdóttir

Sérfræðingur  
Líffræðingur (M.Sc.)



### Snæþór Aðalsteinsson

Sérfræðingur  
Líffræðingur (M.Sc.)



### Víktor Freyr Aðalsteinsson

Sumarstarfsmaður  
Líffræðinemi



### Jóhanna Sigurðardóttir

Sumarstarfsmaður  
Líffræðinemi



### Hafrún Gunnarsdóttir

Sumarstarfsmaður  
Líffræðinemi



THE HÚSAVÍK  
WHALE  
MUSEUM

### Eva Björk Káradóttir

Framkvæmdastjóri




### Heiðar Hrafn Halldórsson

Verkefnastjóri



### Garðar Þróstur Einarsson

Hvalafræðingur



Hraðið  
miðstöð  
nýsköpunar

### Reinhard Reynisson

Byggðastofnun  
Sérfræðingur



### Haraldur Reinhardsson

Byggðastofnun  
Sérfræðingur



### Valgeir Sigurðsson

Origo  
Kerfisstjóri



### Rhys J. Martin

Arctic Coast  
Sérfræðingur



### Arnór Aðalsteinn Ragnarsson

Hugsmiðjan  
Forritari



### Elísa B. Elmarsdóttir

Kaldvík ehf.  
Fjármál



### Telma Rós Hallsdóttir

Kaldvík ehf



HÁSKÓLI ÍSLANDS

### Marianne H. Rasmussen

Forstöðumaður  
PhD sjávarspendýrafr. Cand.Sc líffræði



### Charla Jean Basran

Verkefnisstjóri  
PhD sjávarlíffræði,  
MRM stjórnun hafsvæða, BS líffræði



### Egill Aðalgeir Bjarnason

Verkefnisstjóri



### Maria Glarou

Rannsóknaverkefni um líkamsástand hvala  
PhD nemi sjávarspendýrafræði



### Tatiana Marchon

Rannsóknaverkefni um háhyrninga  
PhD nemi í sjávarspendýrafræði



### Belen Garcia Ovide

eWhale  
PhD nemi sjávarspendýrafræði



SSNE

### Albertína F. Elíasdóttir

Framkvæmdastjóri



### Ari Páll Pálsson

Verkefnastjóri



### Hildur Halldórsdóttir

Verkefnastjóri



### Smári Jónas Lúðvíksson

Verkefnastjóri



### Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Verkefnastjóri



### Jóhannes Haukur Hauksson

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra  
Deildarstjóri



### Sólveig Ása Arnarsdóttir

Húsavíkurstofa  
Verkefnisstjóri



### Daníel Purkhús

AviLabs  
Kerfisfræðingur



### Dögg Stefánsdóttir

DH lausnir  
lífsþjálfari



### Huld Hafliðadóttir

STEM Húsavík  
Verkefnastjóri



### Ólafur Torfi Ásgeirsson

Sýn  
Verkefnisstjóri



### Egill Bjarnason

Ferðamálastofa  
Verkefnisstjóri



### Helga Sveinbjörnsdóttir

Faglausn  
tækniteknari



### Knútur Emil Jónasson

Faglausn  
Byggingaverkfræðingur



### Hugrún Rúnarsdóttir

Garnstudio DROPS design

